

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 22. fundur skólanefndar
25. október 2005

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Björg Ágústsdóttir, Sigríður Finsen, Gísli Ólafsson, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Una Ýr Jörundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Björn Ásgeir Sumarliðason áheyrnarfulltrúi nemenda og Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir fundarritari.
Forföll boðuðu: Eypór Benediktsson og Sveinn Þór Elinbergsson

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fjárlagafrumvarp 2006

Farið yfir fjárlagafrumvarp næsta árs, skoðaðir einstakir liðir. Lítur nokkuð vel út miðað við áætlanir.

Skoðuð fjáráukalög þar sem gert er ráð fyrir uppgjöri vegna húsaleigu 2005.

Umræða um niðurstöðu ársins 2004 og fjármál ársins 2005.

Skoðað erindi til MMR sent 4. okt. sl. vegna fjármála áranna 2004 og 2005.

Skoðaðar rauntölur varðandi ársnemenda fjölda á árinu miðað við áætlun. Í framhaldi af því var rætt um kynningarmál skólans og umræða um hvernig rétt er að standa að því. Huga þarf að útgáfu bæklinga og upp kom sú hugmynd að nýta núverandi nemendur við kynningarstarfið.

Fram kom athugasemd um að vefsíða skólans þurfi að vera meira lifandi.

3. Áfangar í boði á vorönn 2006

Rætt um námsframboð á næstu önn og farið yfir helstu áfangana sem koma inn nýir. Ennfremur rætt um námsframboð næstu anna.

4. Önnur mál

- Tillaga um breytingar á reglum varðandi íþróttasal. Ekki samþykkt að þessu sinni.

- Rætt um húsnæði vegna næstu ára. Líklegt er að næsta haust þurfi stærra húsnæði eða a.m.k. breytingar innanhúss. Komnar eru upp hugmyndir um flutning á bókasafni þannig að hægt verði að kenna á svölunum. Einnig er komin upp sú hugmynd að nýta mætti kjallarann undir stóra salnum fyrir einhverja kennslu.

Umræða um hvernig best væri að útfæra hugsanlegar breytingar. GA falið að koma málinu í réttan farveg.

Fundi slitið.

Næsti fundur verður haldinn 22. nóvember kl. 16:30.